

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. júní 2019
UST201905-188/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016 - 2032 - Sandskarð - Hrafnkelsstaðir - Garðastígur – Nýjar íbúðarbyggðir.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu á þremur svæðum, Sandskarði, Hrafnkelsstöðum 2 og Garðastíg, sem eru innan þéttbýlis Flúða í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að á þremur svæðum á Flúðum verður landbúnaðarlandi breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð. Aðalskipulagsbreytingin tekur til þriggja svæða: Sandskarðs, Hrafnkelsstaða 2 og Garðastígs, samtals allt að 3 ha svæði.

Í greinargerð kemur fram að markmið tillögunnar er m.a. að skapa svigrúm til uppbyggingar á litlum íbúðum fyrir starfsfólk landbúnaðarfyrirtækja sem starfa í skamma stund, en skortur er á litlum íbúðum í þéttbýlinu.

Forsendur

Umhverfisstofnun bendir á að í forsendum breytingarinnar segir að fólksfjölgun hefur verið breytileg á Flúðum undanfarin ár, en íbúafjöldi er nánast sá sami í dag og árið 2011. Því vill Umhverfisstofnun benda á að innan Flúða eru óbyggð íbúðarsvæði (austurhluti ÍB6, ÍB7, ÍB8 og norðurhluti ÍB1) sem hægt væri að nýta, áður en landbúnaðsvæði eru tekin undir nýja íbúðarbyggð.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjansdóttir
sérfræðingur